

**Bréf stjórnarráðsins til framkvæmdarstjórnar Íslandsbanka um endurveiting á sparisjóðshlunnindum.** 97  
24. júlí

Samkvæmt umsókn hinnar háttvirtu framkvæmdarstjórnar, dags 21. þ.m., vill stjórnarráðið hér með endurveita sparisjóðsdeildum Íslandsbanka til 15. júlí 1914 hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. jan. 1874, um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að farið sé eftir reglugjörð fyrir sparisjóðsdeildirnar frá 14. júlí 1904, og að trygging sú, sem samkvæmt nefndri reglugjörð er fyrir því, að sparisjóðsdeildirnar standi í skilum, rýrni ekki.

**Bréf stjórnarráðsins til lögreglustjórnanna um form á skýrslum um sáttamál.**

Hér með skal lagt fyrir yður, herra sýslumaður, að haga skýrslum yðar um sáttamál fyrirtekin í lögsagnarumdæmi yðar árlega eftir því formi, sem er á bls. 1—3 í Landshagsskýrslunum fyrir yfirstandandi ár, sem nú eru í prentun. Við formið er í rauninni gjörð að eins ein breyting frá því, sem áður var, sem sé sú, að í síðasta dálki á að vera upplýsing um, hve mörgum málum, sem *visað* er til dóms af sáttanefnd, er í rauninni stefnt í dóm. 98  
28. júlí

**Bréf stjórnarráðsins til biskups um hjónavigslu af uppgjafapresti.**

Með bréfi, dags. 8. f. m., hafið þér, háæruverðugi herra, sent hingað kæru prestsins að Setbergi, síra Jens V. Hjaltalín, yfir því, að uppgjafaprestur síra Ólafur Stephensen á Grund þar í prestakallinu hafi gefið saman í hjónaband þurra búaðarmann Guðmund Friðriksson á Kviabryggju og Mariu Jóhannesdóttur, í heimahúsum, eftir að sóknarpresturinn hafði lýst til hjónabandsins, svo og skýrslu uppgjafaprestsins um málið. 99  
31. júlí

Útaf þessu skal yður hér með til vitundar gefið, að stjórnarráðið, samkvæmt tillögum yðar í nefndu bréfi, hefir ákveðið, að málshöfðun gegn uppgjafapresti síra Olafi Stephensen megi niður falla fyrir þetta tiltæki hans, með því skilyrði, að þér gefið honum alvarlega áminningu og stranga skipun um að framkvæma ekki prestsverk eftirleidis heimildarlaust, og tjáið honum, að hann megi búast við málshöfðun, ef slíkt komi fyrir aftur.

Jafnframt eruð þér beðinn að tjá sóknarprestinum að Setbergi honum til leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir þeim Guðmundi Friðrikssyni og Mariu Jóhannesdóttur á Kviabryggju, að með því að stjórnarráðið verður að telja hina svokölluðu giftingu síra Ólafs ólöglega, skuli giftingin ekki færð inn í kirkjubókina.